

Fyrstu laun Konráðs Rúnars.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.



Mynd. Frá humarvinnunni í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar í júlí 1963 sem 100 hafnfirskir krakkar og unglingar unnu við og sagt var um að án handa þeirra hefði ekki verið hægt að taka á móti öllu þessum mikla humarafla sem barst að landi sumarið 1963.

Höfundur minnst gríðarmikillar humarstæðu við vegg gegnt innkeyrslunni í rýmið sem humarslitin sjálf fóru fram í og kom með bátafлотanum sem stundaði þessar veiðar og landaði í Firðinum.

Því gæti ég trúað að um sumarið 1962 sé í fyrsta skiptið sem ég vann fyrir kaupmi á minni lífstíð og hafi gerst við að slíta humarskott í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar á jarðhæð og inn í sama rými og fiskmóttaka stöðvarinnar var. Þó er mögulegt að humarvinnan hafi átt sér stað í öðru rými en fiskmóttökunni. Í vesturenda byggingarinnar var salur sem stundum var verkaður saltfiskur í. Inn í þeim sal er mögulegt að humarinn hafi verið slitinn. Enda engin saltfiskframleiðsla í húsinu á þessum tíma. Í svona minningunni er þetta svona. Af myndinni hér ofar að ráða virðist vinna þessi hafa átt sér stað í sal fiskmóttökunnar. Mann og eftir stoðunum sem sjást og líka körfunum sem notaðar voru til að flytja humarinn á borðinn Myndin held ég sýni að verkið var unnið niður í móttöku, svo það sé á hreinu.

Fólkið sem sá um að slíta humarinn voru mest unglingar frá 13 til 15 ára og líka krakkar niður í tíu ára aldur og jafnvel yngri. Unnið var samkvæmt taxa verkalýðfélagsins Hlífar í Hafnarfirði og höfðu yngstu krakkarnir árið 1963 10 aura á tímann og þau elstu 20 aura á tímann. Á milli tíu og tuttugu aura talanna voru líka tölur sem sögðu til um tímakaupið. 11 ára fékk meira en sá sem tíu ára var og 12 ára hærri laun en sá 11 ára. Tuttugu aura markið var þakið og ekki farið hærra. Stórir strákar, eins og höfundur, gaf verkstjóranum stundum upp ranga aldurstölu er hann í lok dags tók niður nöfn starfsfólksins og spurði: “Klukkan hvað mættir þó og hvað ertu gamall?” og átti höfundur þá til að bæti við einu ári og jafnvel tveim og standa þarna gegnt verkstjóranum á meðan hann færði nafnið inn í litlu stílabókina sem hann skrifaði allt í og gerði á hnjám sér og maður sjálfur beið eftir að karlinn lyki sínu skrifum og gerði blístrand og horfandi upp í loftið sakleysið uppmálað. Og komst upp með allt saman og fékk eilítið meira í launaumslagið en átti að vera. Og var auðvitað Guðs lifandi feginn að sleppa þó ekki væri laust við að hjartað tæki hressilegt aukaslag á bak við bringubeinið sem skapaðist af skrökinu andspænis verkstjórageyinu sem samviskusamlega

færði til bókar verk dagsins og tímafjöldann sem krakkarnir skiluðu af sér. Að skrökva læra menn ungir þó í þessu tilviki fyndist manni allt svoleiðis fullkomlega réttlætlanlegt. Að fá örlítið fleiri krónur í launaumslagið næsta útborgunardag var ekki alónýtt. Meiri pening var vel hægt að nota.

Hver starfsamannatalan á humarvertíðinni 1962 var veit höfundur ekki og hefur engar tölur þar um. Karl Magnússon verkstjóri humarvinnslu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar sagði um hana að aldrei hefði verið hægt að taka við öllum þessum humarafa ef ekki hefði komið til þetta vinnuframlag hafnfirsku ungmennanna. Árið 1963 var allgóður humarafi og humarbátarnir orðnir samtals átta og tveimur fleiri en árið á undan. Annars var allur gangur á hve margir bátar í Hafnarfriði stunduðu humarveiðar milli ára.

Verkstjórinn, sem menn undu sér að morgni hvers vinnudags og báðu un vinnu, var mikil ágætismaður og er, í alltént minningunni, orðin roskinn maður með hatt á höfði þegar höfundur var þarna sumrin 1962 og 1963.



Mynd. Hvað er betra en að bregða sér út á planið fyrir utan Bæjarútgerðina í kaffitímanum og drekka mjólk og eta smurða brauðsneið sem mamma áður hafði útbúið manni og nestað upp með? Við sjáum af þessum myndum að margt var um krakkann í humrinum sem Bæjarútgerðin tók. Þessi humar fór svo upp á næstu hæð þar sem endanlega var gengið frá honum í sölu.

Að slíta humar í Bæjarútgerðinni var viss kúnt sem þurfti að læra þó ekki væri vinnan flókin. Fyrir verkið fengu hafnfirskir krakkar laun og gátu innbyrt Kókflöskunni meira. Og fyrir hana, að ekki sé talað um karlamellu og lakkrísör, var nokkuð á sig leggjandi. Allt kostaði þetta peninga sem ná mátti í með því að mæta hjá Kalla verkstjóra.

Hver launin árið á undan voru hefur höfundur ekki neina tölu um en býst við að séu ívið lægri en þau sem hér ofar birtast en samt ekki langt frá þeim veruleika. Og svona til að setja þetta í eitthvað skiljanlegt samhengi skal á það bent að einn lítir af mjólk kostaði um 5 krónur 1963. Að við sjáum að launin voru ekki há en samt. Safnast með fleiri unnum klukkutímum.

1963 var maður líka við humarslitinn og kom við hjá Karli þessum þegar maður sjálfur vildi og hafði fullt sjálfræði til og mann ég ekki eftir öðru en að sama hafi gilt um hópinn sem maður

tilheyrði á þeim tíma. Hve lengi samtals maður var í þessu mann ég ekki en nokkrar vikur alltént og allavega nógu lengi til að muna tíma þessa, þó sumt sé sveipað þoku.

Verð á nýmjólk í lausu máli árið 1962, í þann tíð gat fólk komið með eigin mjólkurbrúsa í Mjólkurbúðina og keypt mjólk á hann og var verðið þá ívið lægra en gildi um mjólkurflöskurnar. En verðið í lausasölu 1962 (brúsinn) var 4,15 krónur en komið í október upp í 4,60 per lítra. Endalausar hækkningar á öllu á þessum árum. Mjólk í mjólkurflöskum var 4,40 krónur hver lítri en fór í 4,85 krónur lítrinn í október. Við sjáum að þarna er nokkra aura mismunur sem hefur verið sín hvatning fyrir fólk að fá sér mjólkurbrúsa og var heldur ekki óalgeng eign á heimilum íslensku. 1963 er ekki ólíklegt að mjólkurlítrinn hafi verið kominn í 5 krónur og nokkrum aurum betur. Haft með svona til að átta sig á verðlaginu sem gildi og getur verið ganglegt þegar menn rifja upp gamla tíma og margt eðlilega gleymt og erfiðleikum bundið að afla sér neinna upplýsinga um. Á þessum tíma er einn eyrir (einseyringur) í gildi, fimm aura mynt, tuttugu og fimmeyringur, fimmtíu aura mynt. Og svo auðvitað ein króna. Allt er þetta nú farið út.

Og lengi má finna eitthvað í svona vinnu. 1962 voru 6 humarbátar gerðir út frá Hafnarfirði og komu með óslitinn að landi. Humarvertíðin 1962 hófst 20 - 25 maí og aflinn þetta 5 til 7 lestir í róðri á bát sem hlýtur að teljast þokkaleg veiði. Líklegt er að Íslendingar hafi fyrst veitt humar hér við land 1960 er 9 bátar stunduðu humarveiðar frá Hafnarfirði. Ekki er hægt að finna eldri aflatölur humars en frá árinu 1960. Að veiðar á humri hafi ekki hafist fyrr á Íslandi er einkennilegt jafn mikið sælgæti og humarinn er.

Líklegt er að humarbátarnir hafi landað daglega, væri þess kostur. Þetta sumar (1962) fóru humarveiðar fram við Eldey. Stutt er þaðan og inn til Hafnarfjarðar að sjá má að aðstæður hafa verið bátunum hagfelldar. Ætli það sé ekki 1964 - 1965 sem sjómennirnir sjálfir byrja að slíta allan humar um borð og ísa í tunnur með ískrapi í og landa með þeim hætti í til að mynda Hafnarfirði. 1962 eru nokkrar stöðvar með humarverkun. Grindavík er með eina, Vestmannaeyingar aðra. Og svo auðvitað hornfirðingarnir. Eftir að sjómenn tóku yfir humarslitinn og hætt að eiga við þetta í landi var ekki óalgengt að túrar bátanna væri þetta þrjár sólahringar, en samt ekki mikið lengri en það vegna líklega ferskleika humarsins sem mikilvægt var að héldist réttu megin línu.

1962 var humar unnin í að minnsta kosti tveimur frystihúsum í Hafnarfirði. Annað var frystihúsið Frost hf við Reykjavíkurveg, en 1962 vann Frost hf afla 4 báta, og Bæjarútgerðin, sem tók þá við afla hinna tveggja bátanna sem eftir voru og hefur samkvæmt aflatölum unnið úr 14 tonnum að jafnaði á degi hverjum sem bátar í viðskiptum við stöðina báru að landi. Hvort voru fleiri hús með humarverkun hjá sér þekkir höfundur ekki en veit með vissu að fleiri frystihús voru á þessum tíma starfrækt í bænum. Íshús Hafnarfjarðar. Malirnar, og hugsanlega fleiri smærri fiskverkendur.

Tel ég að sumarið 1962 sé fyrsta sumarið sem Bæjarútgerð Hafnarfjarðar réðst í það verkefni að taka við afla humarbáta og vinna afurðina í sölum sínum. Humarinn fór í pappaöskjur með skelinni, var frystur og á eftir sendur á Bandaríska markaði og þótti afbragðs vara í landi því. Kaninn greiddi hátt verð, sem ekki dró úr áhuganum.

Sagt er frá því í frétt af Frosti hf, þar sem Hvalur hf er núna með aðstöðu, svona til gamans, að Fiskaklettur, sem Frost hf (Jón Gíslason) gerði út, hafi 15 júlí 1962 verið búinn að fá 95

tonn af humri, sem er nokkuð gott. Hvort Frost hf var með krakka við að slíta humarinn þekkir höfundur ekki en finnst ekki ósennilegt. Krakkar voru á þessum tíma víða að störfum og gerðu allskonar. Hvað sem mönnum annars finnst um.

Á æskudögum mínum í Hafnarfirði var ekki óalgegt að krakkar væru ungir þegar þeir hæfu störf og þekkt að strákar, vart af barnsaldri, hafi verið hálfdrættingar um borð í togurum á meðan verið var að þjálfa þá upp í embætti fullgilds háseta. Sjálfur þekkti ég einn sem byrjaði þrettán ára á togara og líklega um svipað leiti og hér er getið um 1962-1963. Sú ráðning var ekkert einsdæmi. Var enda ekki eins mikið um opinbera aðstoð sem fjölskyldur gátu sótt sér en mættu oft með þessum hætti og þótti bæði sjálfsagt og eðlilegt að gert væri. Sama gildi á öðrum stöðum hringinn í kringum landið og var svona hið venjulega. Þekktasta birtingarmyndin hvað vinnu krakka varðar er sveitin sem tók við bæjarkrökkum fljótlega eftir skólann sem hún hafði hjá sér yfir sumarið og skilaði aftur til síns heim um það bil sem skólarnir hófust um haustið. Þessir krakkar þurftu auðvitað að vinna í sveitinni og sumir einvörðungu upp á fæði og húsaskjól og fengu kannski smávegis vasapeninga sem stungið var að þeim er þau kvöddu og yfirgáfu staðin og fóru til síns heima um haustið og að loknum réttum. Flestir krakkanna létu vel af vistinni í sveitinni. Þó líka séu til undantekningartilvik þar sem önnur saga og verri er sögð. Sem auðvitað er slæmt. Fyrir flest börn var sveitaveran góður tími.

Með vinnu handa sinna við humarinn, svo við vindum okkur aftur að humarvinnunni í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, fengu þau greyin sína eigin peninga í vasann hvort sem þau væru látin borga heim eða ekki. Á heimilum sumum voru fjárráð knöpp og ekki margt sem krakkar gátu leyft sér sem kallaði á fjarútlát en vinnan við humarslitin breytti svolítið og oftar hægt að kaupa sér Kók og karamellu og lakkrísúllu. Að borga heim gildi ekki í mínu tilviki sumarið 1962 og fékk maður að ráðstafa sínum krónum að vild sem gott ef ekki sjoppa hirti allar. Þó ekki muni ég nákvæmlega hvernig þau mál voru finnst þér það ekki ólíkleg niðurstaða. Og um hvað meira en gotterí hugsa átta níu ára drengir á tímum þar sem ekki var of mikið um svoleiðis en löngunin stöðugt til staðar og gotteríð vaðandi í hillum verslana sem komið var í? Allavega fékk sparibankabókin í Sparisjóði Hafnarfjarðar enga krónu af humarpeningum mínum, sem mig minnir að maður hafi þó átt. Það er Sparisjóðsbók.

Muni ég rétt voru allir félagarnir að vinna við að slíta humar þessi sumur. Þó mæting hvern dag væri upp og ofan og tími liði á milli koma. Að borga heim breyttist seinna og þegar maður var orðin svolítið eldri þó ekki væri neitt sérlega hart gengið fram í innheimtunni og alltaf hægt að semja við mömmu blessaða um frest sem í framkvæmdinni merkti að maður slyppi við að borga. Fannst manni enda allt svoleiðis mesta tímasketkja og óþarfa útgjöld hjá sér og hafði líklega sömu afstöðu til málsins og aðrir krakkar á sama aldri. Og hví ekki bara að fá að vera barn á meðan barnið enn býr í manni. Tími fullorðna kemur alveg nógu fljótt. Á meðan engin rukkaði giltu samkomulagið og fresturinn sem mamma gaf. Og ekkert borgað heim þann mánuðinn.

Sumir “humarkrakkanna” sögðust afhenta foreldrum sínum launin sín í viku hverri til varðveislu, sem óþarfi er að efast neitt um. Aðrir gáfu það út um sig sjálfa að bankabókin í Sparisjóðnum fengi öll sín humar laun, einnig til geymslu, ávöxtunar og varðveislu. Ekkert af þessu átti við um höfund sem fór og eyddi sínu og var snöggur að. Enda svo sem engar

stórvaxnar upphæðir að langan tíma tæki að hreinsa allt upp úr launaumslaginu. Allur gangur var á útfærslu krakkanna.

Vinnan sem slík skemmir ekkert og eitt er að láta börn vinna svolitla vinnu og annað að þrælka þeim út. Sjái menn til þess að vinnan sé ekki of stíf né mikil og erfið og börnin fái næga hvíld á milli og nóg að borða að þá skemmir vinnan enga manneskju. Þessu held ég að menn séu mér sammála. Alltént skaðaði það mig ekki á nokkurn hátt að hafa verið ungur þegar maður byrjaði fyrst að vinna fyrir kaup og að taka á sig ákveðna ábyrgð ungur sem maður á sinn hátt gekkst við er verkstjórinn jánkaði beiðni manns um vinnu og sendi þangað sem staður manns var í salnum.

Vinnulagið í humrinum var með þeim hætti að krakkarnir voru ráðnir til eins dags í senn og urðu að koma aftur daginn eftir og spyrja verkstjórann hvort handtak vari hjá honum í dag. Stundum gekk þetta eftir, stundum ekki. Enda margir um hituna og oft fleiri heldur en þessi eitt hundrað manna hópur sem þó komst að. Og stundum var maður líka ósköp feginn þegar enga vinnu var að hafa og maður kom heim með fullgilda afsökun fyrir að vera heima. Og stundum líka gekk maður af stað grútsyfjaður og illa upplagður til vinnunnar og fór hálf leið niður á bryggju og snéri við í miðri brekku Merkurgötunnar og sagði söguna sína heima um að enga vinnu hefði verið að fá og maður fékk að skríða aftur undir sæng með sællegt bros á andlitinu. Og engin hreyfing var í rúmi því fyrr en undir hádegið að kauði vaknaði og dreif sig fram úr.

Að vísu breyttist sællega brosið í allt að því grettu næsta útborgunardag þegar umslagið sýndi frekar lága launatölu, sem auðvitað kom til af fáum unnum vinnustundum. Helst þetta tvennt enda algerlega í hendur og verður ekki aðskilið með neinum hætti. Vinnuskyldan var hvorki hörð né ströng og krakkarnir, og vitaskuld foreldrarnir, alfarið látnir ráða því hvort mætt væri, og hvernig þessi mál væru framkvæmd. Útborguð laun þá rétt eins og núna miðuðust öll við tímafjölda sem skilað var og ekkert annað.

Tvennt var til í þessu og stundum hengdi letin manni líka fyrir að hlýða sér, eins og oft áður þegar hún grípur sínu taki og maður sá eftir öllu saman fyrir að hafa ekki mætt betur en þetta. Ekki mann ég lengur hvort ég kvartaði yfir þessum lágu launum sem umslagið skilaði mér við móður mína blessaða, en gæti vel trúað því að svo hafi verið. Eru viðmið krakka ekki alltaf rétt. Enda enn bara börn. En það er víst of seint að iðrast eftir dauðann. Og annað! Ekki verður bæði haldið og sleppt. Að velja byrjar fljótt hjá manneskjunni. Að mæta ekki og bera fyrir sig yndislegu orðin “ Fékk ekki vinnu í dag “ þó ekki væri látið á reyna höfðu sínar afleiðingar sem launaumslagið birti manni vægðarlaust á útborgunardegi sem þó allt miðaðist við að væri bæði gilt hæfilega þungt og fallett en skilningurinn hvað til þyrfti kannski ekki alveg réttur.

Í dag (21 júlí 2015) hefur talsvert af vatni runnið til sjávar frá því að maður arkaði niður brekku Merkurgötu heiman frá sér og niður á bryggju þar sem maður gaf sig á tal við Kalla verkstjóra sem benti á borð í salnum sem skildi vera minn staður þann daginn. Nú eða hitt að maður kom of seint og búíð að manna allar stöður. Í dag var ég heppinn, segjum það, og fékk mína aðstöðu við eitt borðanna í salnum og horfði til hægri og þar á gríðarmikinn humarhaug við vegginn sem náði allt til lofts þar sem hann var hæstur og teygði sig eftir veggnum og líklega tugir tonna að stærð. Við þennan haug stóðu nokkrir unglingar, sennilega þeir sem eldri voru, með kvísl í hendi, kartöflukvísl, hétu þær það ekki þessar með

kúlunum á endanum?, og mokuðu humri úr humarhaugnum ofan í körfur og helltu á eftir úr þeim upp á borðin þar sem slítarar tóku viðbragð klæddir allt of stórum gúmmíhönskum á höndunum og fleygðu humarhala í eina körfu og humarhaus í aðra. Humarhalarnir fóru í þvottavélina sem snérist og úr henni rakleitt upp á loft til sinnar vinnslu og frystingar fyrir Bandaríska markaðinn, hitt fór í gúanó og líklega Lýsi og Mjöl. Hvort humar var til sölu hjá



Hadda fisksala á Kirkjuveginum í Hafnarfirði 1962 er höfundur ekki viss um og efast reyndar að svo hafi verið. En það allt saman hefur breyst og er ekkert mál orðið að versla sér gæða humar. Eins og ég nefndi áðan að þá hefur mikið vatn runnið til hafs frá 1962 þó það sé árið sem höfundur fyrst fékk laun á þó ekki væru þau há en samt sérstakt fyrir krakka á níunda ári.

Mynd. Höfundur Konráð Rúnar Friðfinnsson í júlí 2015.

Gert til gamans og vonandi líka nokkurs fróðleiks.
Gert 21 júlí 2015
Kveðja KRF.